

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

217. FUNDUR.

217. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 13. júní árið 2013 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir nefnda:

Fundargerðir byggðarráðs. Varaformaður byggðarráðs kynnti.

Fundargerð 791. fundar frá 21. maí s.l. Fundargerð í 10 liðum. Borinn undir atkvæði 3. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 7 atkvæðum. Skúli Þórðarson vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar. Borinn undir atkvæði 6. liður fundargerðarinnar, samþykktur með 6 atkvæðum. Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar. Borinn undir atkvæði 7. liður fundargerðarinnar, samþykktur með 6 atkvæðum. Ragnar Smári Helgason vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

Fundargerð 792. fundar frá 27. maí s.l. Fundargerð í 3 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 793. fundar frá 10. júní s.l. Fundargerð í 11 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 10. lið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra lýsir yfir vonbrigðum ef Vegagerðin mun ekki ætla að standa við gefin fyrirheit um framkvæmd nauðsynlegra úrbóta á gatnamótum Hringvegur og Hvammstangavegur við Norðurbraut á árinu 2013. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að fylgja málinu eftir af fullum þunga.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Borin fram eftirfarandi tillaga við 11. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa framlagðri Brunavarnaráætlun fyrir starfssvæði Brunavarna Húnaþings vestra 2013-2017, með áorðnum breytingum og athugasemdum Mannvirkjastofnunar og sveitarstjórnar, til síðari umræðu í sveitarstjórn þann 20. júní nk.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

2. Fundargerð félagsmálaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 137. fundar frá 29. maí s.l. Fundargerð í 4 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð fræðsluráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 140. fundar frá 15. maí s.l. Fundargerð í 5 liðum. Lögð fram tillaga um að fresta afgreiðslu 2. og 5. dagskrárliða. Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð Landbúnaðarráðs, formaður kynnti.

Fundargerð 119. fundar frá 6. júní s.l. Fundargerð í 4 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 1. dagskrárlið. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir tillögu landbúnaðarráðs um skiptingu fjárveitingar til viðhalds og endurnýjunar heiðagirðinga á árinu 2013.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 3. dagskrárlið. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir fyrir sitt leyti umsögn landbúnaðarráðs frá 119. fundi ráðsins þann 6. júní sl. en þar segir eftirfarandi:

„Erindi frá byggðarráði kynnt. Byggðarráð óskar umsagnar landbúnaðarráðs vegna erindis Þórðar Skúlasonar þar sem óskað er umsagnar um beiðni hans um stofnun lögbýlis á séreignarhluta hans nr. 205428 í jörðinni Grund í Vesturhópi nr. 144535. Erindinu fylgir úttekt ráðunautar Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda á búskaparskilyrðum á Grund í Vesturhópi. Í erindinu kemur m.a. fram að ekki eru uppi nein áform um að breyta skipulagi né taka jörðina eða umræddan hluta hennar úr hefðbundnum landbúnaðarnotum. Í ljósi framangreinds álitur landbúnaðarráð að ekkert standi í vegi þess að stofnað verði sérstakt lögbýli um séreignarhluta Þórðar Skúlasonar nr. 205428 í jörðinni Grund í Vesturhópi nr. 144535.“

Í samræmi við ofangreint samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra að mæla með því við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að Þórði Skúlasyni verði veitt heimild til stofnunar lögbýlis á séreignarhluta hans á jörðinni Grund í Vesturhópi.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Skúli Þórðarson vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar. Lögð fram eftirfarandi tillaga við dagskrárlið 4.a. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa afgreiðslu Samþykktar um búfjárhald í Húnaþingi vestra til síðari umræðu í sveitarstjórn þann 20. júní nk.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við dagskrárlið 4.b. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa afgreiðslu Fjallskilasamþykktar fyrir Húnaþing vestra til síðari umræðu í sveitarstjórn þann 20. júní nk.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

5. Fundargerð Skipulags- og umhverfisráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 222. fundar frá 6. júní s.l. Fundargerð í 10 liðum.

Bornir upp 9. og 10. dagskrárliðir og samþykktir með 6 atkvæðum. Elín R. Líndal vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

6. Skýrsla sveitarstjóra.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri greindi frá helstu störfum sínum frá 15. maí sl.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 16:58

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Gunnar Þorgeirsson.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri
fjármála- og stjórnsýslusviðs.